

Haustönn

Á haustönn voru 5 umsjónarfundir og 4 hópstjórafundir ásamt því að eineltiskönnun var lögð fyrir skólann. Breyting á hópstjórum: Anna Þóra Einarsdóttir og Elín K. Guðbrandsdóttir hættu og Kristjana Bárðardóttir og Ragnheiður Eiríksdóttir tóku við.

Það er skemmst frá því að segja að eineltiskönnunin gekk ekki upp þar sem rafræna spurningarkerfið klikkaði erlendis frá. Slæmt er að vita ekki stöðu mála hvað varðar einelti þar sem síðast var könnun haust 2009.

Skólinn í okkar höndum var kynntur fyrir nýju starfsfólki á sérstökum fundi sem og á fundi með foreldrum.

Í september fagnaði FSu 30 ára afmælinu og var að því tilefni settur formlega sem Heilsueflandi framhaldsskóli. Af því tilefni komu Geir Gunnlaugsson, landlæknir og Héðinn Svarfdal Björnsson, verkefnisstjóri HEF og afhjúpuðu skilti og drógu heilsueflandi fána að húni. Að auki fengu allir nemendur og starfsfólk vatnsbrúsa að gjöf. Í tengslum við afmælið var settur upp kynningarveggur fyrir framan skrifstofuna, sem stendur enn og var uppfærður á vorönn.

Eftir að Heilsueflandi framhaldsskóli var ræstur hófst næringarárið í skólanum. Bækur um næringu voru vel sýnilega á bókasafni skólans í stiga Jónasar. Einnig voru settir upp sýningarkassar í miðrymi þar sem sykurmagn í ákveðnum matvælum er sýnt. Rófnabændur tóku þátt í næringarárinu með skólanum og gáfu skólanum rófur. Mötuneyti skólans byrjaði á haustönn að bjóða til sölu hafragraut á morgnana og hefur það gefist vel.

Í umsjón var fjallað um aðgerðaráætlun gegn einelti og HEF. Einnig var lögð áhersla á einkunnarorð FSu, stefnu og sýn og var unnið með það í umsjón og á hópafundum.

Niðurstöður vinnunnar voru settar á rauða vegginn. Umræður um gildi og sýn FSu vakti fólk til umhugsunar, t.d. um faglegt starf og svipaði til umræðunnar á vegum Skoh undanfarnar annir um: skólabrag, kennsluáðferðir og námsmatsaðferðir, námsbrautaframboð. Kennarar voru þakklátir fyrir svigrúm til faglegrar umræðu sín í milli og við nemendur.

Nemendaviðtöl umsjónarkennara við hvern og einn umsjónarnemanda mæltust vel fyrir.

Hugleiðingar verkefnisstjóra og/eða hópstjóra á haustönninni:

- Ü Vilji er til að hafa meiri tíma verkefnisstjóra með hópstjórum, styðja þá betur og valdefla.
- Ü Rætt var um breytingar á umsjónarkerfinu: umsjón til 18 ára? Skipta þemunum fjórum á fjórar annir? Sumir kennarar séu umsjónarkennarar, ekki allir? Þeir sem eru það fái þá greitt sérstaklega fyrir það?
- Ü Ætti að hafa samtöl/viðtöl umsjónarkennara við hvern og einn umsjónarnemanda fyrir á önninni? Í kringum miðannarmat? Á undan matinu eða eftir? Hafa viðtölin í kringum val fyrir næstu önn?
- Ü Í sambandi við HEF: Hvernig ætlar Embætti landlæknis að virkja nærumhverfið? Flagga oftast heilsueflandi fána.
- Ü Eineltisumræða/-fræðsla ákveðnari í lífsleikni?
- Ü Nota hámark 5-6 umsjónartíma á önn
- Ü Helst fá 3 miðvikudagstíma
- Ü Hafa hópana einsleitari? Nýja kennara saman í hóp? "Gamla" kennara saman í hóp?
- Ü Aftur námskeið fyrir umsjónarkennara, t.d. aftur í viðtalstækni?
- Ü Fast í umsjón í upphafi haustannar: þjappa, upprifjun á Olweus.
- Ü Fast á vorönnum: viðtöl/samtöl, ný og fersk innlegg um einelti.

Vorönn

Á vorönn urðu skipti á verkefnisstjórum, en nýir verkefnisstjórar eru Svanur Ingvarsson og Guðfinna Gunnarsdóttir.

Verkefnisstjórar höfðu fastan fundartíma á mánudögum kl. 8.15 og gekk samstarfið vel, enda fengu þau góðar leiðbeiningar og stuðning frá sér eldri og reyndara fólki. Guðfinna sat jafnframt fundi forvarnarteymis og Áttufundi sem hjálpar mikið til við upplýsingaflæði milli allra aðila.

Hópstjórar á vorönn voru: Vera Valgarðsdóttir, Helgi Hermannsson, Sverrir Ingibjartsson, Ragnheiður Eiríksdóttir, Kristjana Bárðardóttir, Sólveig Sigmarsdóttir og Guðmundur Björgvin Gylfason. Eru þeim þökkúð góð störf á önninni. Haldnir voru 3 fundir með hópstjórum og 3 hópafundir í miðvikudagsfundagati. Umsjónartímar vegna Skoh á vorönn voru 6.

Fyrsti umsjónartíminn í janúar var tileinkaður einelti, upplýsingum um tilkynningar og fleira. Umsjónartíminn í febrúarbyrjun var tileinkaður hugmyndavinnu vegna Kátra daga og Flófárs og hafður snemma til þess að nefndirnar gætu unnið úr hugmyndum og notað í undirbúningsvinnu. Umsjónartímar í lok febrúar voru tileinkaðir nemendaviðtölum og að lokum fór einn tími mars í hugstormun vegna Heilsueflandi framhaldsskóla, hreyfingarár og einn tími í umræður um breytingar á lögum um framhaldsskóla þar sem nemendur ræddu um réttindi, ábyrgð og skyldur.

Verkefnið Heilsueflandi framhaldsskóli gekk vel á skólaárinu. Héðinn Svarfdal Björnsson, verkefnisstjóri HEF, kom á fund með starfsfólki og stjórnaði hugstormun um hreyfingu Tveir matræðar úr skólanum sóttu málstofu um næringu þar sem gátlistinn var skoðaður og endurbættur. Skólinn fékk silfur fyrir næringarárið og var einn af 4 skólum sem kom til greina í vali um Gulleplið. Á endanum var það Verslunarskóli Íslands sem hlaut hnossið. Gátlistinn vegna næringar kom vel út, en að sjálfsögðu þurfum við að halda áfram að vinna eftir honum og vinna að endurbótum jafnt og þétt. Þar má nefna að setja í stefnu skólans og á heimasíðu upplýsingar um næringarstefnu skólans. Frábær undirbúningsvinna starfsfólks og nemenda bar árangur varðandi hreyfingarárið, þar sem fram er kominn stór hugmyndalisti um það sem hægt er að gera í hreyfingu á næsta skólaári.

Umræður um námsskrá komu skemmtilega á óvart, þar sem nemendur ræddu um ábyrgð í námi, skyldur sínar og skólans. Niðurstöðu umræðna voru settar upp á rauða veggnum. Nemendaviðtöl hafa fest sig í sessi og er almenn ánægja meðal starfsfólks og nemenda með þetta fyrirkomulag.

Skólinn í okkar höndum var kynntur á vefnum gegneinelti.is og jafnframt var starfsfólk minnt á þetta góða átak í gegnum tölvupóst.

Lokaorð og hugleiðingar:

Þórunni Jónu og Agnesi ber að þakka fyrir það brautryðjendastarf sem þær hafa unnið með Skólann í okkar höndum undanfarin tvö ár. Verkefnið hefur blómstrað í þeirra meðförum og er komið í góðan farveg sem vonandi hefur fest sig í sessi um ókomna tíð.

Næsta skólaár verður spennandi, hreyfing verður allsráðandi undir merkjum Heilsueflandi framhaldsskóla, þar sem markmiðið er að okkar mati að fá hinn almenna nemanda til að hugleiða hvernig hann getur sett meiri hreyfingu inn í sinn lífsstíl og reyna að ná til þeirra sem hreyfa sig lítið sem ekkert. Þar ætti hið mikla íþróttatengda starf sem nú þegar unnið í skólanum að hjálpa til, en mikilvægt er að reyna að höfða til allra nemenda, ekki aðeins þeirra sem telja daglega hreyfingu sjálfsgæða og eðlilega. Stór og mikill hugmyndabanki er nú þegar kominn í nestisboxið og teljum við mikilvægt að settur verði á fót stýrihópur sem fylgi þessu

Þema vel eftir. Að auki hefst á vorönn undirbúningur fyrir næsta þema fyrir skólaárið 2013-14, sem er geðrækt.

Fróðlegt verður að sjá hvort að þær breytingar sem samþykktar voru á eyktarskipan tengd umsjón, sem og breytt fyrirkomuleg aldurskiptingar í umsjónartímum komi til með að hafa mikil áhrif á Skólann í okkar höndum. Telja undirrituð mikilvægt að nota kerfið áfram sem tæki til að ná til sem flestra nemenda á persónulegan máta. Mikilvægt er að hafa sveigju í kerfinu til að koma til móts við ólíkar þarfir nemenda.

Verkefnisstjórar fagna því hvernig nemendaviðtöl virðast strax eftir tvær annir hafa fest sig í sessi og gott væri að fylgja því eftir með námskeiði í viðtalstækni svipuðu því að haldið var fyrir um tveimur árum til að skerpa á samskiptum.

Að auki telja undirrituð mikilvægt að skólinn framkvæmi reglulega eineltisskannanir, ekki aðeins vegna þess að sú hin síðasta misheppnaðist, heldur einnig vegna mikilvægi þess að hafa puttann á púlsinum og vita hvar við stöndum. Að auki mætti gera könnun á tengslum heilsueflingar og líðan nemenda, til þess að sjá hvar skórinn kreppir og hvað gengur vel og er að skila árangri.

Á síðasta hópstjórafundi vetrarins komu fram hugmyndir um efni næsta vetrar, þar á meðal umræður um nýja námsskrá og hvort ekki þurfi að ná fram umræðum um þrepamarkmið og hin nýju þemu námsskrár meðal starfsfólks og nemenda áður en skólinn tekur námsskrána inn.

Verkefnisstjórar beina því einnig til stjórnenda að velja fyrir sér hvort skólinn ætli að halda áfram að vinna undir merkjum Olweusar eða hanna sína eigin eineltisstefnu í anda Olweus og nýta þá þekkingu og reynslu sem fengist hefur.

Unnið verði þannig áfram að góðum skólabrag út frá nýjum lögum um framhaldsskóla, þar sem nú er sérstaklega kveðið á um að skólar eigi að huga að einelti og skólabrag sem við teljum afar jákvætt.

Einnig hvetjum við stjórnendur til að halda áfram með hópefli og fyrirlestra um góð samskipti líkt og gert var í annarlok með erindi Jóhanns Inga. Innskýting af þessu tagi getur aðeins orðið til góðs.

Munum svo að brosa og vera góð hvert við annað.

Takk fyrir okkur

Guðfinna Gunnarsdóttir og Svanur Ingvarsson